

# MINNISBLAÐ

Sveitarstjóra

---

Febrúar 2025

---



Rangárþing  
eystra

## Anton Kári Halldórsson

---

Að venju stikla ég hér á stóru um nokkur af þeim helstu verkefnum sem við hjá Rangárþingi eystra og aðrir í sveitarfélaginu okkar höfum verið að fást við að undanfögnu.


## Sorpstöð Rangárvallasýslu



Á síðasta fundi stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu lagði framkvæmdastjóri fram uppsögn sína á starfi. Mig langar að koma á framfæri kærum þökkum til fráfarandi framkvæmdarstjóra fyrir virkilega vel unnin störf í þágu sveitarfélaganna.

Starfsumhverfi á vettvangi úrgangsmála er verulega krefjandi og miklum breytingum háð. Sorphirða og meðhöndlun sorps á vegum Sorpstöðvar Rangárvallasýslu hefur verið til fyrirmyndar og ekkert því til fyrirstöðu en að svo verði áfram. Þó svo að aðstæður séu krefjandi bjóða þær einnig upp á mikla möguleika varðandi þróun og nýsköpun á því sviði. Eitt af því er samstarfssamningur Sorpstöðvarinnar við Sorporku ehf, um uppsetningu og rekstur brennslustöðvar á óendurvinnanlegu sorpi á Strönd.

Verkefnið hefur verið í vinnslu undanfarna mánuði og er á góðum rekspól. Fulltrúar finnska fyrirtækisins Ferropower, sem sjá um smíði og uppsetningu stöðvarinnar, voru hér á landi fyrir skömmu að kynna sér aðstæður og funda með þeim aðilum sem að verkefninu koma. Um er að ræða verulega spennandi verkefni sem myndi nýtast vel hringrásarrekstri á Strönd, ásamt því að framleiða varmaorku til kyndingar.



## Brunavarnir Rangárvallasýslu

Nú í janúar var formlega ritað undir viðaukasamning milli Brunavarna Rangárvallasýslu og Landsvirkjunar. Samningurinn tekur m.a. til búnaðarkaupna, æfinga og fræðslu til starfsmanna virkjanasvæða á framkvæmdatíma til næstu sex ára. En fyrirhuguð eru talsvert stór áform í uppbyggingu virkjana á starfssvæði Brunavarna Rangárvallasýslu á komandi árum. Mun viðauki við samninginn styrkja starfsemi Brunavarna Rangárvallasýslu til framtíðar.

Með tilkomu samningsins er Brunavörnum Rangárvallasýslu gert kleift að efla viðbragð sitt og búnað til muna með kaupum á nýrri slökkvibifreið. Ríkiskaupum var falið að annast útboð bílsins þegar nákvæm tæknilýsing lá fyrir.


Fastus ehf átti lægsta tilboð í smíði bílsins og hljóðaði það upp á um 125 milljónir króna. Samstarfsaðilar Fastus í smíðum á slökkviliðsbílum eru Egenes Brannteknikk AS, í Noregi. Þetta er vel þekkt fyrirtæki hvað okkur varðar þar sem þeir smíðuðu einnig dælubílinn MAN sem staðsettur er á Hvolsvelli. Sá bíll hefur þjónað okkur vel síðan 1999 og er enn verulega öflugur viðbragðsbíll.

Dælubíllinn sem við munum fá afhentan í haust er af gerðinni Scania, útbúinn verulega öflugum slökkvibúnaði og allri nýjustu tækni til að tryggja starf og öryggi slökkviliðsmanna og þeirra sem þurfa á þjónustu Brunavarna Rangárvallasýslu að halda.



## Stöðufundir v. kjaraviðræðna

Undanfarið hafa verið haldnir þó nokkrir stöðufundir með sveitar- og bæjarstjórum og samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga, þar sem farið hefur verið yfir stöðu kjaraviðræðna milli samninganefndar SÍS og KÍ.



Eins og flestum er kunnugt fer Samband íslenskra sveitarfélaga með samningsumboð fyrir hönd sveitarfélaga á landinu í kjaraviðræðum. Fundirnir hafa verið góðir og mjög upplýsandi fyrir stöðu mála. En ljóst er að viðræður eru verulega þungar, þokast lítið og hægt í átt að samkomulagi.

Ég hef hins vegar óbilandi trú á samninganefnd SÍS og KÍ og hvet þær til góðra verka til að ná samningum áður en kemur til alsherjarverkfalls sem verður gríðarlega þungt að yfirstíga fyrir alla aðila.

## Stóragerði - Endurnýjun götu

Líkt og kom fram í síðasta minnisblaði sveitarstjóra er fyrirhuguð umfangsmikil endurnýjun á götu, gangstéttum og lögnum í Stóragerði í sumar. Um er að ræða mjög umfangsmikla framkvæmd sem á eftir að hafa talsverð áhrif á alla íbúa meðan á henni stendur.



Hönnunar- og útboðsgögn eru við það að verða tilbúin og mun framkvæmdin verða auglýst til útboðs á næstu dögum. Nauðsynlegt er að allir íbúar í Stóragerði séu vel upplýstir varðandi framkvæmdina, t.d. varðandi tímaáætlun, lokanir, aðgengi o.fl.

Því hefur verið ákveðið að boða til upplýsingafundar með íbúum Stóragerðis sem haldinn verður í Hvolnum. Fundarboð, með nánari tímasetningu, mun berast til allra íbúa Stóragerðis á næstu dögum. Á fundinum munu starfsmenn sveitarfélagsins ásamt verkfræðistofunni Eflu sem hefur séð um hönnun verksins kynna það og helstu þætti þess fyrir íbúum. Einnig gefst íbúum tækifæri til að spyrjast fyrir um verkið og tilhögun þess.

## Skógafoss - Uppbygging bílastæðis

Framkvæmdum sveitarfélagsins við uppbyggingu nýs bílastæðis við Skógafoss er nánast lokið. Fyrirhugað er að loka inn á eldra bílastæði og hefja gjaldtöku á því nýja þann 1. mars nk. Uppsetningu á nýju salernis/þjónustuhúsi við bílastæðið verður einnig lokið á næstunni.



Um mikið framfaraskref er að ræða við uppbyggingu við eina af okkar helstu náttúruperlum. Með framkvæmdinni er vonast til þess að allt umferðarflæði um svæðið verði betra og friðlýsta náttúrvættinu Skógafossi gert hátt undir höfði með því að draga bílaumferð frá fossinum.

Náttúruverndarstofnun mun í framhaldinu hefja frágang á eldra bílastæði og afmá ummerki um það. Með áformaðri gjaldtöku og tekjum af henni, skapast tækifæri til öflugrar uppbyggingar á þjónustu svæðisins sem einfaldar aðgengi og virðingu fyrir svæðinu til framtíðar.

Einnig er rétt að minnast á það, að í skipulagsferli er deiliskipulagstillaga sem gerir ráð fyrir glæsilegu tjaldsvæði innan umráðasvæðis Skógræktarfélags Rangæinga á Skógum sunnan við Kvernu. Því mun sveitarfélagið ekki lengur koma að rekstri eða útleigu á tjaldsvæði á Skógum. Mér þykir líklegt að hið nýja tjaldsvæði verði verulega vinsælt þegar fram líða stundir, enda staðsetning þess vægast sagt umvafin stórbrotinni náttúru.



## Sóknaráætlun Suðurlands

Þann 28. janúar undirrituðu þrír ráðherrar og fulltrúar landshlutasamtaka undir sóknaráætlunarsamninga landshluttanna. Þar á meðal undirritaði sá sem hér stendur undir sóknaráætlunarsamning fyrir Suðurland.



### SÓKNARÁÆTLUN SUÐURLANDS

Markmið með sóknaráætlunum er að stuðla að jákvæðri og sjálfbærri byggðapróun, treysta stöðir menningar, efla atvinnulíf og nýsköpun, styðja við áherslur um umhverfis- og loftslagsmál og auka þannig samkeppnishæfni landshluta og þar með landsins alls. Þá er markmiðið einnig að efla samráð hjá stjórnvöldum og milli landshluta og tryggja gagnsæi við úthlutun opinberra fjármuna.

Gildandi sóknaráætlanir fyrir Suðurland hafa fyrir löngu sannað gildi sitt og verið ómetanlegur stuðningur fyrir íbúa, atvinnulíf og sveitarfélög landshlutans. Framlög ríkisins til Sóknaráætlunar Suðurlands árið 2025 nema samtals 127,4 milljónum króna og framlög sveitarfélaganna á Suðurlandi nema 14,4 milljónum króna.

Heildarframlög ríkis og sveitarfélaga til verkefna Sóknaráætlunar árið 2025 nema því 141,8 milljónum króna, sem eiga áreiðanlega eftir að skila sér vel til uppbyggingar m.a. menningar- og atvinnulífs í landshlutanum, ásamt fjölda annarra góðra verkefna.

## Menntaverðlaun Suðurlands



Menntaverðlaun Suðurlands voru veitt við hátíðlega athöfn í Fjölbautarskóla Suðurlands. Samtök sunnlenskra sveitarfélaga standa að veitingu verðlaunanna og voru þau nú veitt í 16. sinn. Það kom í hlut undirritaðs og forseta Íslands, frú Höllu Tómasdóttur, að veita verðlaunin.

Það verkefni sem hlaut verðlaunin að þessu sinni ber heitið „Eflum tengsl heimila og skóla“. Um er að ræða samstarfsverkefni fjölskyldusviðs Árborgar, leik- og grunnskóla sveitarfélagsins og Fjölbautarskóla Suðurlands. Verkefnið hefur það markmið að að bjóða foreldrum leik- og grunnskólanemenda sveitarfélagsins, með fjölmennningarlegan bakgrunn, upp á hagnýtt íslenskunámskeið þar sem hagnýt upplýsingagjöf til foreldra er sett saman í einu námskeiði.

Um er að ræða virkilega fróðlegt verkefni sem tilvalið væri að kanna hvort vilji væri fyrir því að heimfæra það yfir á okkar góða sveitarfélag. Fjölmennning er og verður eitt af stóru málunum okkar og því verkefni þurfum við að sinna eins vel og kostur er. Fögnum innilega fjölmenningunni og fjölbreytileikanum í okkar góða sveitarfélagi og búum þannig um hnútana að allir geti blómstrað í leik og starfi.



## Aðalfundur félags eldri borgara

Sveitarstjórnarmönnum í Rangárvallasýslu var boðið að sækja aðalfund félags eldri borgara í Rangárvallasýslu nú á dögum. Undirritaður sótti fundinn fyrir hönd Rangárþings eystra.



Um var að ræða virkilega góðan og vel sóttan fund, þar sem málefni eldri borgara voru rædd af yfirvegun og hreinskilni. Sveitarfélögum í Rangárvallasýslu var hrósað vel fyrir sína aðkomu og stuðning til félagsins í formi fjár og húsnæðisaðstöðu.

Það er aðdúnarvert að sjá þann kraft og gleði sem ríkir í félaginu. Ég held ég geti fullyrt að það er ekki kvíðvænlegt að eldast, geta gengið í félagið og nýtt allt það góða starf sem það hefur upp á að bjóða.

Auðvitað voru ýmis önnur alvarlegri málefni rædd á fundinum, þ.á.m. var samþykkt samhljóða ályktun varðandi mönnun lækna í Rangárvallasýslu og henni beint til HSU. Sú ályktun er einnig á dagskrá fundar okkar í dag.

## Að lokum

Það er auðséð á þessari stuttu upptalningu hér á undan að verkefni eru næg á nýju ári. Við tökum nýja árinu fagnandi og hlökkum til þess að fást við þau verkefni sem fram undan eru og eins þau sem við komum til með að fá í hendurnar þegar fram líða stundir. Tími mikilla hátíða í sveitarfélaginu fer að bresta á, en einn af kostum sveitarfélagsins við að eiga mörg félagsheimili og víðfemar sveitir er einmitt fjöldi þorrablóta. Ég efast ekki um að margir eigi eftir að skemmta sér vel í góðra vina hópi og lauflettum gríni á kostnað hvers annars. Njóttum komandi tíma og sjáumst á blóti.

Anton Kári Halldórsson, sveitarstjóri Rangárþings eystra.

